

REGLUR

um garðauðun.

1. gr.

Til þess að mega stunda garðauðun þarf leyfi Hollustuverndar ríkisins, sbr. nánar 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Áður en leyfi eru veitt skal Hollustuvernd ríkisins leita umsagnar eiturefnanefndar um umsækjendur og einnig skal liggja fyrir viðurkenning heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags á þeim tækjabúnaði og varnaðarmiðum, er umsækjandi hyggst nota við úðunina.

Þeir einir mega stunda úðun garða í einkaeign eða almenningsseign með efnum og efnasamsetningum í X og A-hættuflokkum, er hafa gild leyfi til að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X-hættuflokki, sbr. nánar reglugerð nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeidna og annarra tilsvaramandi leyfa. Skulu þeir ávallt bera á sér leyfisskírteini við störf sín og framvísa þeim, þegar þess er óskað. Hollustuverndin tilkynnir árlega miðað við 15. maí, hverjir hafa leyfi til úðunar.

2. gr.

Tækjabúnaður.

Einungis er heimilt að nota tækjabúnað, sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt, að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins.

3. gr.

Flutningur eiturefna.

Þegar eiturefni er flutt á úðunarstað eða á milli úðunarstaða í magni, er nemur 1 ltr. eða meiru af óþynntri lausn eða 20 ltr. eða meiru af þynntri úðunarlausn, skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

- a) Tankur skal tryggilega festur á flutningstæki. Tankurinn skal þannig staðsettur að minnst 25 cm. bil sé milli útjars tanks og útjars flutningstækis á allar hliðar.
 - b) Óþynnt eiturefni, ásamt áhöldum, er notuð eru við þynningu, skulu varðveitt í læstum skáp, sem festur er á vel vörðum stað á eða í flutningstæki.
 - c) Lok tanks skulu vera þétt og það sterk, að tankur þoli að velta á hliðina, án þess að úr honum leki.
 - d) Þétt skilrúm skal vera milli tanks og stjórnhúss flutningstækis.
 - e) Flutningstæki það, sem flytur tankinn, skal þannig merkt, að greinilega megi sjá, að það flytji eiturefni. Skulu orðin „Varúð-Eiturefni“ standa utan á bifreiðinni með minnst 10 cm. háum stöfum, þannig að greinilega megi lesa úr fjarlægð.
- Ofangreind skilyrði tölul. a-e gilda ekki, þegar um efni í C-hættuflokki er að ræða.

4. gr.

Varnaðarmiðar.

Áður en úðunin hefst, skulu settir upp varnaðarmiðar á áberandi stöðum við alla innganga og stíga á því svæði, er úða skal. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis, að regn eyðileggi ekki lesmál þeirra á meðan garðurinn er lokaður allri umferð. Eftirfarandi skal koma fram á merkimiðum:

1. Yfirskrift með stóru letri, er segir: „HÆTTA“.
2. Verslunarheiti þess efnis, er notað er og heiti virkra efna, er það inniheldur.
3. Nafn móteiturs.
4. Tímasetning og dagsetning úðunar.
5. Hversu lengi garðurinn skulu lokaður allri annarri umferð en bráðnauðsynlegri.
6. Nafn, heimilisfang og sími þess aðila, er framkvæmir úðunina.

Stærð varnaðarmiðans skal vera minnst $21 \times 14,5$ cm. (A5), hvítur eða ljós grunnur með rauðum bókstöfum. Stærð bókstafa skal vera þannig, að auðvelt sé að lesa það sem á miðanum stendur.

Þegar úðað er með efnum í C-hættuflokki, er ekki gerð krafa um uppsetningu varnaðarmiða.

5. gr.

Hlíðarbúnaður.

Um klæðnað, sem notaður er við blöndun og úðun efna og skolun tækja, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og nánari fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

6. gr.

Framkvæmd úðunar.

Áður en úðun er framkvæmd skal leyfishafi meta þörfina fyrir úðun. Telji hann ekki þörf á úðun eða einungis þörf á úðun einstakra trjáa og runna, ber honum að upplýsa garðeiganda um það.

Áður en úðun hefst skal meta hættuna á því, að úðinn berist annað, en honum er ætlað. Gluggar skulu vera lokaðir og þvottur má ekki vera á snúrum. Barnavagna og laus leikföng skal setja á óhulta staði. Taka skal fullt tillit til nágrannagarda og umferðar fólks um gangstéttir. Einungis skal úða, þegar veður er nægilega kyrrt til þess að tryggt sé, að sem minnstur úði berist út fyrir garðinn. Sérstaklega skal gætt að því að úðinn falli ekki á matjurtir eða leiktæki barna.

Við blöndun efnisins skal fara eftir þeim fyrirmælum, er fram koma á merkimiða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu, en þar er mælt fyrir um.

Þegar tankur með úðunarvökva stendur í meira en 10 m. fjarlægð frá þeim, er úðar, skal hafður maður til að gæta tanksins. Skal hann sjá til þess að engir óviðkomandi komi í námunda við tankinn og garðinn, meðan á úðun stendur.

Að afloknu dagsverki skal ganga tryggilega frá tækjum og eiturefnum. Skulu þau geymd í læstu geymsluhúsnæði, þegar þau eru ekki í notkun. Ef ekki er unnt að geyma tækjabúnaðinn innandyra, skulu lokar og slöngur hafðar í læstum skáp, þannig að óviðkomandi geti ekki komist í snertingu við eiturefni.

7. gr.

Geymsla efna, förgun íláta og losun úðunarvökva.

Efni og efnasamsetningar í X og A-hættuflokkum skal geyma í læstum skáp og læstu hólfi í geymsluherbergi og skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnaðarorðum („Varúð“, „Eitur“ o. s. frv. sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í garðyrkju og landbúnaði og til útrýmingar meindýra).

Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A.

Heilbrigðisnefndir, hver á sínum stað, hafa eftirlit með geymslu leyfishafa, enda tilkynni eiturefnanefnd hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum nöfn og heimilisfang leyfishafa.

Efni og efnasamsetningar í hættuflokkum B og C skal varðveita fjarri mat- og fóðurvörum og þannig, að börn nái ekki til.

Tæmd ílát, önnur en uðabrúsa, skal brenna við mikinn hita, ef þess er nokkur kostur og grafa öskuna í jörð. Ella skal grafa tæmd ílát (götuð, beygluð eða brotin) í jörð, ekki minna en hálfan metra niður fjarri vötnum eða vatnsbólum eða endursenda þau vel lukt og vel merkt, ef svo er um samið. Bannað er að nota tæmd ílát á ný. Heimilt er að farga litlu magni úðavökva með því að dreifa honum á jarðveg á víðavangi og einnig má farga litlu magni efna og efnasamsetningar með því að grafa í jörð, minnst hálfan metra niður. Til þess skal velja staði, sem fjarri eru híbýlum manna, vatni, og vatnsbólum og utan ræktaðs lands og beitolands.

Eigi má farga meiri háttar birgðum efna og efnasamsetningar nema með samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar eða samkvæmt reglum, sem Hollustuvernd ríkisins setur, að höfðu samráði við eiturefnanefnd og Vinnueftirlit ríkisins.

8. gr.

Viðurlög.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

Um refsingar fer samkvæmt 23. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni.

9. gr.

Gildistaka.

Ofangreindar reglur, sem settar eru af Hollustuvernd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, staðfestist hér með samkv. 14. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðarsvæðisins.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðarsvæðisins hér eftir kölluð samvinnunefnd er svo skipuð: Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnnum eftirtalinna sveitarfélaga, tveir frá hverju og jafn margir til vara: Akureyrarbær, Dalvíkurbær, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Öxnadalshreppur, Saurbæjarhreppur, Grýtubakka-hreppur, Hálshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Öngulstaðahreppur, Sval-barðsstrandahreppur.